

**3222. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
12. október 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1708093 - Fjárhagsáætlun 2018 (og vegna tímabilsins 2019 - 2022)

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi gjalda- og tekjuforsendur vegna fjárhagsáætlunar 2018.

2. 1709115 - Alþingiskosningar 28. október 2017

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 10. október sl. tillögu um gerð og frágang kjörskrár vegna Alþingiskosninga 28. október 2017 ásamt afgreiðslu launagreiðslna til kjörstjórna og annarra starfsmanna.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um laun kjörstjórna og annarra starfsmanna sem koma að framkvæmd kosninganna.

3. 1710039 - Innsiglingamerki á efnisgeymslu

Erindi Faxaflóahafna um innsiglingamerki á efnisgeymslu Sementsverksmiðjunnar.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnslu málsins í samvinnu við hafnarstjóra Faxaflóahafna.

4. 1707027 - Menningarnótt - Akranes heiðursgestur

Þakkarbréf frá Reykjavíkurborg vegna þátttöku Akraneskaupstaðar í dagskrá Menningarnætur 2017.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar Reykjavíkurborg kærlega fyrir boðið og glæsilega dagskrá á Menningarnótt.

5. 1710052 - Húsnæðisþing 2017

Fyrsta árlega húsnæðisþing verður haldið þann 16. október 2017 að Hilton Nordica frá kl. 10-17.

Lagt fram.

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að tilkynna til Sambands íslenskra sveitarfélaga þátttöku þeirra bæjarfulltrúar sem eiga kost á að sækja þingið f.h. Akraneskaupstaðar.

6. 1710055 - Alþjóðáþing Hringborðs Norðurslóða - Arctic Circle

Boð á alþjóðáþing Hringborðs Norðurslóða - Arctic Circle sem haldið verður í fimmta sinni í Hörpu, Reykjavík, dagana 13.-15. október.

Lagt fram.

7. 1705030 - Dularfulla búðin, Skólabraut 14 - rekstrarleyfi

Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Vesturlandi vegna óska um breytingu á rekstrarleyfi Dularfullu búðarinnar við Skólabraut 14.

Bæjarráð leggst ekki gegn veitingu leyfisins.

8. 1710075 - Fagrilundur 7 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn um byggingarlóð - Fagrilundur 7

Umsóknargjald er greitt.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Fagrilundur 7 til umsækjanda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Ólafur Þorvaldsson
Fuglþjófr Valdimarsson
Fuglþjófr Halmarsson
Ólafur Þorvaldsson
Rannveig Þorvaldsson
Vilhjalmur Þ. Guðbjartsson
Steinn Ásbjörnsson